



Reykjavík, 26. ágúst 2019
R19030231

Umsögn

Efni: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um álitserð um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og viðauka

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs á eftirfarandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram í borgarráði 6. júní 2019.

„Lagt er til að fengið verði álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga á minnisblaði fjármálaskrifstofu, dags 5. febrúar 2019. Þá er lagt til að beiðni oddvita Sjálfstæðisflokksins, Eyþórs Arnalds, annars vegar og álit Trausta Fannars Valssonar hins vegar verði sent með til hliðsjónar.“

Fyrirliggjandi gögn

Eftirfarandi gögn liggja fyrir í málinu og hafa verið lögð fram í borgarráði varðandi minnisblað fjármálaskrifstofu dags. 5. febrúar 2019:

- Álitserð um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og viðauka, dags. 22. apríl 2019
- Minnisblað um fjárhagsáætlanir og viðauka, 24. apríl 2019
- Umsögn endurskoðunarnefndar, dags. 6. maí 2019
- Viðbrögð fjármálaskrifstofu við álitserð um fjárhagsáætlanir og viðauka, dags. 13. maí 2019

Málavextir

Óskað var á sínum tíma eftir umræddu minnisblaði fjármálaskrifstofu um meðhöndlun á fjárheimildum til málaflokka og verkefna, með sérstaka áherslu á það að verkefnið Nauthólsvegur 100 hafi farið 73 m.kr. umfram fjárheimildir. Í minnisblaðinu er bent á að það sé andstætt verklagsreglum borgarinnar að gera breytingar á fjárhagsáætlun eftir að fjárhagsárið er liðið. Í álitserð Trausta Fannars Valssonar er tekið undir það sjónarmið að ekki sé eðlilegt að breyta fjárhagsáætlun eftir að fjárhagsári er lokið.

Í minnisblaðinu er vikið að afgreiðslu ársreiknings til þess að undirstrika að ekki er hægt að ákvarða fjárheimildir eftir að árið er liðið heldur eigi ársreikningurinn að sýna niðurstöður ársins eins og þær reyndust. Orðalagið vakti upp spurningar um hvað fælist í undirritun borgarfulltrúa á ársreikningi. Líta þarf til meginefni minnisblaðsins og samhengi efnisins þegar eftirfarandi setningar í minnisblaðinu eru túlkaðar:

„Þegar ársreikningur er lagður fram og samþykktur í maí mánuði fyrir næstliðið ár er borgarstjórn að samþykkja útgjöld og rekstur borgarinnar fyrir árið. Með þeim hætti hefur borgarstjórn þegar samþykkt öll fjárútlát sem féllu til á árinu 2017 vegna verkefnisins Nauthólsvegur 100. Það er því að mati fjármálaskrifstofu ekkert sem kallar á frekari samþykkt á fjárheimildum.“

Fallast má á að orðalag minnisblaðsins um hvað felst í samþykkt ársreiknings hefði mátt vera nákvæmara. Enginn ágreiningur er hins vegar um að ákvæði ársreikningalaga og laga um bókhald gilda hvað varðar undirritun ársreiknings. Í álitserð Trausta Fannars Valssonar segir:

„Í staðfestingu sveitarstjórnar á ársreikningi felst samkvæmt þessu afstaða sveitarstjórnarinnar til þess hvort ársreikningurinn sé saminn í samræmi við lög og settar reglur. Þegar sveitarstjórn staðfestir ársreikning er hún því að leggja á það mat hvort reikningur sýni glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingum á handbæru fé, og hvort reikningurinn sé að öðru leyti gerður í samræmi við lög. Ennfremur hvort upplýsingar sem fram koma í ársreikningi séu réttar með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum. Staðfesting ársreiknings felur ekki í sér samþykki einstakra ráðstafana sem liggja til grundvallar í því reikningshaldi sem ársreikningurinn lýsir eða lögmæti greiðslna, heldur hinu að staðfesta að meðferð fjármuna og efnahagsleg staða sé og hafi verið með þeim hætti sem ársreikningurinn greinir.“

Fjármála- og áhættustýringarsvið tekur undir þessi sjónarmið eins og fram kemur í *Viðbrögðum fjármálaskrifstofu við álitserð um fjárhagsáætlanir og viðauka*, dags. 13. maí 2019. Er að öðru leyti vísað til þess efnislega.

Umsögn

Að mati fjármála- og áhættustýringarsviðs er ekki ágreiningur um lagalega túlkun á því hvað felst í undirritun ársreiknings eins og fram kemur hér að ofan. Í gögnum málsins liggur jafnframt fyrir ítarleg túlkun utanaðkomandi aðila á heimildum skv. sveitarstjórnarlögum um meðhöndlun fjárheimilda með samanburði við verklag Reykjavíkurborgar, sem og viðbrögð fjármálaskrifstofa með ítarlegri greinargerð dags. 13. maí 2019.

Eftir stendur ábending Trausta Fannars Valssonar í niðurlagi 7. kafla álitserðar dags. 22. apríl 2019 sem er svohljóðandi:

„Það vekur athygli, í ljósi þess hversu mikilvægt stjórnþæki fjárhagsáætlun er og þá jafnframt í ljósi ábyrgðar á því að hún sé rétt framkvæmd, að reglur Reykjavíkurborgar virðast hvorki með öllu skýrar um það hvaða liðir í fjárhagsáætluninni séu bindandi ákvörðun um úthlutun fjárheimilda og hverjir ekki né um heimildir einstakra starfsmanna til að færa til fjármagn innan liða í áætluninni.“

Í *Reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg FMS-STE-001* er kveðið á um reglur sem gilda almennt um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar. Álitserðin dregur fram þau atriði sem betur mega fara í reglunum og mun Fjármála- og áhættustýringarsvið bregðast við ábendingunni með því að taka reglurnar til endurskoðunar, draga fram þá þætti sem betur mega fara og gera tillögu að viðeigandi breytingum.

Að mati fjármála- og áhættustýringarsviðs er álit Trausta Fannars Valssonar frá 22. apríl sl. skýrt og góður leiðarvísir til endurbóta á verklagi er varðar meðhöndlun og framsetningu fjárhagsáætlunar og önnur efnisatriði sem álitserð fjallar um. Óljóst er hvort nýtt álit myndi bæta einhverju við málið efnislega. Sviðið leggur til að þegar drög að nýjum og endurbættum reglum liggja fyrir verði óskað eftir álit samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytisins á þeim telji borgarráð þörf á því.

Halldóra Káradóttir,
sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.